

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 4. september, kl. 09:00 var haldinn 1856. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Cupfeel ehf., kt. 710123-0200, dags. 12. ágúst 2025, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum og vefverslun með forpökkuð matvæli (Cupfeel). Geymsla og dreifing er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Kex Hostel ehf., kt. 621010-0500, dags. 8. júlí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiskála (Kex Hostel) að Skúlagötu 28, F2003446. Breyting á húsnæði og starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.
- Lögð fram umsókn Mali studio ehf., kt. 560822-0490, dags. 15. júlí 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Mali studio) að Síðumúla 15, F2015208, rými 01 0202. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 1. júlí 2025, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir leikskóla (Laugasól) að Ármúla 28-30, F2015202, rými 02 0201. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 4 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.

Fundi slitið kl. 09:30

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson